

Sá, sem nær ekki 35 stigum, stenst ekki prófið, nje heldur sá, sem fær **107**
 afarilla í einhverri grein. 27. ágúst

Sá, sem stenst ekki prófið, má ganga undir próf af nýju að ári liðnu.

Svo getur og sá, sem staðist hefir prófið, en ekki náð 1. einkunn, gengið undir nýtt próf að ári liðnu.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu skýrslu um prófið.

16. gr.

Að loknu prófi fá fullnumar prófskírteini með nafni forstöðumanns og innsigli lagaskólans, og eru þá candidati juris.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1908.

Þetta kunngerist hjermeð öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. ágúst 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

Reglugjörð

108

9. maí.

fyrir Austurbarðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum eins og henni þykir best við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eftir stærð hreppanna, og skulu allir hlýða undan- tekningarlaust ákvörðun hreppsnefndarinnar.

2. gr.

Lækning á hundum skulu hreppsnefndir láta framkvæma á einum og sama degi í öllum hreppnum, einu sinni á ári, 15. desember; ef það er helgi- dagur, þá næsta dag virkan.

3. gr.

Lækningunni skal hagað þannig:

Í hálfan sólarhring skal hafa hundinn inni, og má hann alls engan mat fá eða drykk á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn að minsta kosti 5 grömm af arekadufti og eina matskeið af laxerolíu, hrærðu út í graut eða mjólk. Vana-

108 9. maí. lega fær hundurinn kligju á eftir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímann á eftir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, gjöra hann sneyptan.

Hafi meðalið ekki verkað eftir 3 klukkustundir, skal gefa hundinum inn 1—2 matskeiðar af laxerolíu.

Pegar eftir að meðalið hefir verkað, skal baða hvern hund úr 3% Lysolvatni, ekki mjög köldu, og bursta vandlega allan skrokkinn á honum upp úr Lysolvatninu, síðan láta hann strax inn í annað hlýtt hús og gefa honum að eta.

Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í úthýsi, þó ekki fjenaðarhúsum.

Það, er gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp og brenna síðan, eða grafa í jörðu 2 álna djúpt.

Skyldur er hundahreinsunarmaður að vera 6 klukkutíma yfir hundunum, frá því þeim er gefið inn.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á þann stað, sem lækningamaður skipar, í ákveðinn tíma. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi gild forföll, að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga tafarlaust.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrir mælum 5. gr. í lögum nr. 18, ^{22/5} 1890 um að slátur það, sem sullmengað er, sje grafið djúpt í jörð niður, eða brent, svo að hundar geti ekki náð í það.

6. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi skal greiða lækningamanni 50 aura fyrir hvern hund. Allur meðalakostnaður við lækninguna greiðist og úr sýslusjóði.

7. gr.

Lækningamaður sendir hreppsnefnd skýrslu um hve mörgum hundum hann hefir gefið inn, á hve marga meðalið hafi verkað, og úr hve mörgum hafi gengið bandormar o. s. frv., en hreppsnefnd semji aðalskýrslu og sendi sýslunefnd fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem opinber lög- reglumál.

Reglugjörð þessi kemur í staðinn fyrir reglugjörð þá, er samþykkt var **108**
19. júní 1896. 9. maí.

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Austurbarðastrandar-
sýslu á aðalfundi hennar 25. apríl 1908.

Skrifstofa Barðastrandarsýslu, 9. maí 1908.

G. Björnsson.

Breyting

109

9. maí

á reglugjörð fyrir Norðurisafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl.
15. mars 1897.

I.

Við 1. gr.: Sýslunefnd kýs menn til að hafa á hendi o. s. frv.

II.

Við 2. gr.: Fyrir »haust hvert í nóvember« komi: á tímabilinu frá 15. október
til 15. desember ár hvert.

III.

Við 9. gr.: Aftan við gr. komi nýjar málsgreinir svohljóðandi:
Standi lækningamaður sjerlega vel í stöðu sinni, má hækka
þóknun hans alt að helmingi.
Hreppsnefndir annast um, að til sjeu hæfileg hús til hundalæk-
ninga og greiðist kostnaður við það úr sýslusjóði.

Breytingu þessa hefir sýslunefnd Norðurisafjarðarsýslu samkv. 6. gr. laga
nr. 18, 22. maí 1890 gjört og samþykkt á aðalfundi sínum 9.—11. f. mán., og
öðlast hún gildi þegar í stað.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 9. maí 1908.

Magnús Torfason.